

Ályktun um kjara- og atvinnumál.

31. þing Sjómannasambands Íslands beinir því til Alþingis að sjá til þess að viðskipti með fisk milli útgerðar og fiskvinnslu verði gagnsæ og uppfylli skilyrði um heilbrigða samkeppni og góða viðskiptahætti. Einnig krefst þingið þess að fyrirtækjum í sjávarútvegi verði gert skylt að skila öllum upplýsingum um framleiddar afurðir og söluverð þeirra til Hagstofu Íslands. Með því móti er hægt að treysta því að mælingar á breytingum á afurðaverði séu réttar á hverjum tíma.

31. þing Sjómannasambands Íslands hvetur til þess að samtök útgerðarmanna skoði fjarskiptamál sjómanna með það að markmiði að lækka kostnað þeirra vegna fjarskipta þannig að hann verði sambærilegur við fjarskiptakostnað annarra landsmanna.

31. þing Sjómannasambands Íslands krefst þess að útgerðir og skipstjórnarmenn virði lögbundinn rétt sjómanna til hvíldar og fara eftir þeim lögum og reglum sem gilda um lágmarks hvíldartíma sjómanna. Jafnframt fagnar þingið könnun á hvíldar- og vinnutíma íslenskra sjómanna. Þingið telur að aðkoma sjómannasamtakanna að könnuninni sé algert lyklatríði og að hún sé unnin í nánú samstarfi við sjómennina sjálfa eins og fyrirhugað er. Ekkert má skyggja á trúverðugleika könnunarinnar að mati þingsins. Þingið telur að gera þurfi slíkar athuganir reglulega þannig að fyllsta öryggis sé ávallt gætt um borð í skipum.

31. þing Sjómannasambands Íslands skorar á Íslenska útgerðarmenn að bæta samskipti sín við sjómenn. Vantraust hefur farið vaxandi milli sjómanna og útgerðarmanna undanfarin misseri. Í sumum tilfellum er um algeran trúnaðarbrest að ræða. Skapa þarf nýtt traust milli aðila þannig að sjómenn og útgerðarmenn þessa lands geti talað saman á mannlegum nótum með það að leiðarljósi að báðir komi með reisn frá þeim samskiptum.

31. þing Sjómannasambands Íslands krefst þess að vigtunarreglur verði endurskoðaðar. Afli verði full vigtaður á löggilttri hafnarvog þar sem ísprósenta er ákveðin og endurvigtunarleyfi verði afnumin. Að öðrum kosti sjái opinberir aðilar um alla endurvigtun.

31. þing Sjómannasambands Íslands hvetur útgerðir til að gera átak í starfsmenntun sjómanna í samstarfi við Sjómennt og stéttarfélag sjómanna. Einnig hvetur þingið útgerðir til að styðja við menntun sjómanna með því að greiða gjald í starfsmenntunarsjóð eins og aðrir atvinnurekendur gera.

31. þing Sjómannasambands Íslands fagnar smíði nýs skips til hafrannsóknna. Þingið hvetur stjórnvöld í framhaldinu til að auka verulega framlög til hafrannsóknna. Fyrirsjáanlegar eru miklar breytingar á umhverfi hafsins á norðurslóðum á næstu árum og áratugum. Vegna mikilvægis sjávarútvegsins fyrir efnahag Íslendinga er að mati þingsins nauðsynlegt að efla haf- og fiskirannsóknir umhverfis landið til að hægt sé að meta áhrif umhverfisbreytinganna á fiskistofna við Ísland

31. þing Sjómannasambands Íslands mótmælir því harðlega að sjómenn fái aðeins uppgert úr 20% af andvirði VS afls.

Þingið leggur til við stjórnvöld að ýmsar ívilnanir í lögnum um stjórn fiskveiða verði afnumdar, svo sem línuívilnun, byggðarkvóti og VS afli.

31. þing Sjómannasambands Íslands vísar á bug kröfu útgerðarmanna um verulega lækkun launa vegna veiðigjalda og annars rekstrarkostnaðar. Veiðigjöldin eru skattur á útgerðina sem stjórnvöld kjósa að leggja á hagnað hennar sem er sjómönnum óviðkomandi..

31. þing Sjómannasambands Íslands hvetur til varkárni þegar rafrænt eftirlit er stundað um borð í skipum. Augljóslega er rafrænt eftirlit til bóta þegar öryggi skipverja og skips á í hlut. Skilja verður algerlega milli vinnu og friðhelgis einkalífs skipverja. Skipið er jú bæði vinnustaður og heimili sjómannsins. Þingið er sammála því að aukið rafrænt eftirlit verði haft með löndun úr íslenskum skipum til að koma í veg fyrir löndun fram hjá vigt.

31. þing Sjómannasambands Íslands telur að framkomið frumvarp til laga um veiðigjald færi álagningargrunninn nær í tíma sem er til bóta en mótmælir því að útgerðin geti flutt hagnað frá veiðum til vinnslu.